

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Litla-Sandfell, deiliskipulag – stækkun efnistökusvæðis.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 deiliskipulag fyrir Litla-Sandfell. Markmið skipulagsins er að tilgreina skilmála um umgengi á vinnslutíma, frágang að honum loknum, afmarka byggingarreit og aðkomu. Deiliskipulagið heimilar vinnslu allt að 625.000 rúmmetra af efni á ári.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag athafnasvæðis Þorlákshafnar – smækkun skipulagssvæðis.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. maí 2024 deiliskipulag fyrir Litla-Sandfell. Breytingin felur í sér að skipulagssvæðið er smækkað svo það skarist ekki á við deiliskipulag Móa, miðsvæðis, en í því skipulagi var ráðgert að staðsetja bílastæði á þeim hluta sem nú er felldur brott.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Mói, miðbæjarkjarni, deiliskipulagsbreyting – stækkun byggingarreits Hnjúkamóa 14 og 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. maí 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Móa, miðbæjarkjarna, er snýr að lóðunum Hnjúkamóa 14 og 16. Helstu breytingar eru:

Byggingarreitir C1 og C2 stækka um 25 m², breikka úr 32 m í 33 m.

Reitur C2 færast um 3,2 m til suðurs.

Gerðir er tveir nýir byggingarreitir fyrir einnar hæðar byggingu fyrir bílgeymslu, hjólageymslu og sorp.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hverahlíð, deiliskipulag – óveruleg breyting vegna niðurdælingarlagnar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. maí 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hverahlíðar. Breytingin felur í sér að legu niðurdælingarlagnar er breytt og ráðgert að lögnin verði færð í jörð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Athafnasvæði Þorlákshafnar, deiliskipulag – stækkun lóðar að Vesturbakka 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. maí 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis vegna stækkunar á lóðinni Vesturbakka 12. Breytingin felur í sér kvöð um að sett sé skjólgirðing á lóðamörkum er snúa í norður. Skjólgirðingin verður með sama útliti og skjólgirðing við vesturenda Vesturbakka.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sandhóll, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 deiliskipulag fyrir lóðina Sandhól. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, frístunda-, gestahús og úthús auk þess sem landinu er skipt í tvo hluta.

Nr. 723

20. júní 2024

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 20. júní 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 20. júní 2024